



Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda til maí 2022

Blönduósbær hefur samþykkt tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda af byggingum einbýlis-, par- eða raðhúsa af hálfu einstaklinga og verktaka á lóðum við þegar tilbúna götur á Sunnubraut, Smárabraut, Brekkubýggð og Garðabýggð. Það er gert á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006.

Kröfur sem settar eru fram þar sem niðurfelling gatnagerðargjalda er:

1. Farið er eftir útlutunarreglum Blönduósbæjar.
2. Lóðum verður ekki úthlutað fyrr en 30 dögum eftir að auglýsingin er birt.
3. Ef fleiri en einn umsækjandi er um lóðirnar verður varpað hlutkesti.
4. Umsóknir um lóðir skulu hafa borist sveitarfélaginu fyrir 30. apríl 2022.
5. Aðaluppdráttum skal skilað til byggingarfulltrúa innan 6 mánaða frá lóðarúthlutun.
6. Byggingarframkvæmdir skulu hafnar innan 9 mánaða frá lóðarúthlutun.
7. Lóðarleigusamningur verður gerður skv. Úthlutunarreglum Blönduósbæjar og skal hann gerður innan 12 mánuða frá lóðarúthlutun.
8. Hús skulu hafa náð byggingarstigi 4 (fokhelt) innan 2ja ára frá lóðarúthlutun.
9. Hver einstakling fær aðeins eina lóð undir einbýlishús eða lóðir undir eitt parhús. Verktaki fær mest lóðir til að byggja tvö hús. Hægt er að sækja um fleiri þegar fyrri hús eru fullbúin.
10. Ef umsækjandi hefur ekki hafið framkvæmdir innan ofangreindra tímamarka fellur lóðin aftur til bæjarins.
11. Hafi umsækjandi þegar fengið úthlutaðri lóð án þess að hafa hafið framkvæmdir eða framkvæmdir stöðvast kemur viðkomandi ekki til greina við úthlutun á nýjum lóðum.